



## Spáum lítilli breytingu á vísitölu neysluverðs í apríl

Hagstofan birtir aprílmælingu vísitölu neysluverðs (VNV) miðvikudaginn 29. apríl. Hagfræðideild Landsbankans spáir 0,1% hækkun milli mánaða. Gangi spáin eftir lækkar verðbólgan úr 2,1% í 1,9%.

VNV hækkaði um 0,23% milli mánaða í mars. Sú mæling kom ekki á óvart, en opinberar spár lágu á bilinu 0,2% og 0,3%. Við höfðum spáð 0,3%.


### Helstu undirliðir:

- Veiking á gengi krónunnar skilar sér inn í verð á **mat- og drykkjarvörum** til hækkunar.
- Eins teljum við að **verð á nýjum bílum** hækki vegna veikingar krónunnar.
- Við teljum að áhrif húsnæðisverðs á **reiknaða húsaleigu** verði um 0,4 prósentustig til hækkunar og áhrif vaxtabreytinga verði 0,2 prósentustig til lækkunar. Samantekið gerum við því ráð fyrir að reiknuð húsaleiga hækki um 0,2%.
- Samkvæmt verðkönnun okkar lækkaði verð á **bensíni og díselolíu** um 6% milli mánaða.
- Við teljum að Hagstofan muni ekki breyta **flugfargjöldum til útlanda** milli mánaða þar sem millilandflug liggur nánast niðri.

Evrar er núna 5,5% dýrari og Bandaríkjadalur 9,0% dýrari en í síðustu verðkönnunarviku.

Spá okkar um breytingu vísitölunnar milli mánaða í apríl er 0,2 prósentustigum lægri en síðasta spá sem við birtum í mars. Munurinn skýrist að mestu leyti af því að í stað árstíðabundinnar hækkunar á flugfargjöldum til útlanda teljum við að Hagstofan haldi þessum lið óbreyttum milli mánaða. Á móti gerum við ráð fyrir meiri hækkun á mat- og drykkjarvörum og á verði á nýjum bílum vegna veikingar á gengi krónunnar.

	Vægi í VNV	Breyting	Spá Áhrif
Bensín og díselolía	3,3%	-6,0%	-0,20%
Föt og skór	4,3%	-1,1%	-0,05%
Húsgögn og heimilisb.	5,3%	-0,5%	-0,03%
Aðrar vörur og þjónusta	6,7%	-0,3%	-0,02%
Póstur og sími	1,7%	-0,4%	-0,01%
Áfengi og tóbak	2,5%	0,0%	0,00%
Flugfargjöld til útlanda	1,3%	0,0%	0,00%
Menntun	0,4%	0,2%	0,00%
Húsn. án reikn. húsaleigu	15,1%	0,1%	0,01%
Hótel og veitingast.	5,7%	0,4%	0,02%
Heilsa	4,0%	0,6%	0,03%
Tómst. og menning	10,1%	0,3%	0,03%
Ferðir og flutningar (annað)	4,1%	0,7%	0,03%
Reiknuð húsaleiga	16,4%	0,2%	0,04%
Kaup ökutækja	5,6%	1,9%	0,10%
Matur og drykkjarv.	13,3%	1,2%	0,16%
Alls	100,0%		0,12%



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans, Hagstofa Íslands



## Útlit fyrir að verðbólga minnki

Bráðabirgðaspá okkar til næstu þriggja mánaða er eftirfarandi:

- Maí: +0,4% milli mánaða, 2,0% ársverðbólga
- Júní: +0,3% milli mánaða, 2,0% ársverðbólga
- Júlí: -0,5% milli mánaða, 1,7% ársverðbólga

### Helstu óvissuþættir

Helstu óvissuþættir varðandi spá okkar um breytingu milli mánaða í apríl og bráðabirgðaspá okkar til næstu þriggja mánaða eru:

#### 1. Covid-19 og aðgerðir stjórnvalda

Hagstofan hefur tilkynnt að ekki megi vænta skyndilegra stökka í verði á þeim undirliðum þar sem viðskipti eru lítil eða engin. Hér er væntanlega meðal annars átt við flugfargjöld til útlanda, þjónustu hársnyrtistaða, æfingagjöld í líkamsræktarstöðvum og þjónustu hótela og gististaða. Þetta er að okkar mati mjög skynsamleg afstaða. Hins vegar má búast við nokkurri breytingu á þessum undirliðum milli mánaða þegar léttir á aðgerðum stjórnvalda og þá mun koma fram uppsöfnuð breyting yfir fleiri en einn mánuð. Einnig er óvíst hvenær létt verður á reglum stjórnvalda og viðskipti hefjast aftur í þessum undirliðum.


#### 2. Gengi krónunnar

Óvissan hér er þríþætt. Í fyrsta lagi er óvíst að hversu miklu leyti sú veiking sem þegar er komin fram muni skila sér inn í verðlag, meðal annars vegna stöðunnar í hagkerfinu vegna Covid-19 faraldursins. Í öðru lagi er óvissa með hvenær áhrif af þessari veikingu komi fram en líklegt er að útspil stjórnvalda um að greiða hluta launakostnaðar fyrirtækja muni seinka því. Í þriðja lagi er nokkur óvissa um gengi krónunnar næstu mánuði. Ef hún veikist meira en þegar er mun það að öðru óbreyttu þýða hærri verðbólgu.


#### 3. Húsnæðisverð

Miðað við stöðuna er verður að teljast líklega viðskipti verða mun færri en ella. Í mælingu á fasteignavísitölum gildir almennt að því færri viðskipti sem eru bak við þær, því meira sveiflast vísitalan milli mánaða.

### Mánaðarbreyting VNV í apríl



### Verðbólguþá





#### **4. Heimsmarkaðsverð á olíu**

Heimsmarkaðsverð á olíu hefur lækkað mjög hratt og er nú um USD 35 fatið í samanburði við um USD 70 í byrjun árs. Gangi þessi lækkun til baka mun það þýða hærra bensínverð en við gerum ráð fyrir núna.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.